



MENNTASKÓLINN  
VIÐ SUND



***Sjálfsmatsskýrsla  
Menntaskólans við Sund  
skólaárið  
2018-2019***

---

Virðing - Jafnrétti - Ábyrgð - Heiðarleiki

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	2
Listi yfir töflur og myndir .....	3
1 Inngangur.....	4
1.1 Sjálfsmatshópur MS.....	4
2 Almennar upplýsingar.....	5
2.1 Markmið.....	5
2.2 Nemendur .....	6
2.3 Starfsfólk .....	7
3 Stefna ríkisaðila og sjálfsmat Menntaskólans við Sund til þriggja ára .....	8
3.1 Kjarnastarfsemi .....	8
3.1.1 Aðgerðir gegn brotthvarfi .....	8
3.1.2 Efling gæða náms og námsmats og tenging við hæfniviðmið námskrár.....	9
3.1.3 Áframhaldandi þróun á nýrri námskrá MS og þriggja anna kerfinu .....	10
3.2 Rekstrarþættir.....	10
4 Mat á markmiðum skólasamnings .....	10
5 Markmið og aðgerðir 2018-2019 .....	11
5.1 Mótun skólabrags í nýju skólakerfi.....	11
5.2 Þróun kennslufræði í takt við nýja námskrá.....	13
5.3 Endurmenntun, starfsþróun og faglegt samstarf .....	13
5.4 Frekari þróun þriggja anna kerfisins .....	14
5.5 Umbætur og aðhald .....	14
6 Kannanir .....	15
6.1 Nemendakönnun .....	15
6.2 Umræðufundur með nemendum .....	16
6.3 Foreldrakönnun .....	16
6.4 Starfsmannakönnun .....	17
7 Árangur nemenda.....	20
7.1 Námsárangur .....	20
7.2 Miðannarmat/stöðumat .....	21
7.3 Umræður um töluleg gögn um námsárangur.....	21
8 Námssamfélag starfsmanna .....	21
8.1 Starfendarannsóknir .....	21
8.2 Þróunarverkefni um leiðsagnarnám .....	22
8.3 Þróunarverkefni.....	23
8.4 Endurmenntun .....	24
9 Lokaorð .....	25
Heimildir .....	27

## Listi yfir töflur og myndir

Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára. ....	4
Mynd 2: Stúdentaútskrift vorið 2019.....	7
Mynd 3: Veggspjöld til þess að byggja upp námskraft nemenda.....	13
Mynd 4: Niðurstöður nemendakönnunar skólaárið 2018-2019.....	16
Mynd 5: Viðhorf starfsfólks til líðan í vinnu vor 2019 og 2018 .....	17
Mynd 6: Viðhorf starfsfólks MS til starfsandans í MS vor 2018 og 2019 .....	18
Mynd 7: Viðhorf kennara til faglegs samstarfs í deildum .....	18
Mynd 8: Viðhorf kennara í MS til upplýsingastreymis innan skólans vor 2019 .....	19
Tafla 1: Fjöldi nemenda haust, vetur og vor 2018-2019 .....	6
Tafla 2: Skipting á námsbrautir haust 2018 .....	6
Tafla 3: Skipting á námsbrautir vetur 2018.....	6
Tafla 4: Skipting á námsbrautir vor 2019 .....	6
Tafla 5: Skólaárið 2018-2019 voru haldnar þrjár útskriftir .....	7
Tafla 6: Útskriftarnemendur skólaársins 2018-2019 eftir kynjum .....	7
Tafla 7: Starfsfólk skólaárið 2018-2019 .....	7
Tafla 8: Meðaleinkunn nemenda skólaárið 2018-2019.....	20
Tafla 9: Dreifing einkunna skólaárið 2018-2019 .....	20

## 1 Inngangur

Árlega setur Menntaskólinn við Sund sér markmið í samræmi við stefnu sína og kynnr aðgerðaáætlun. Í eftirfarandi skýrslu verður gerð grein fyrir helstu þáttum sjálfsmats og þróunarstarfs í MS með hliðsjón af markmiðum og aðgerðum MS 2018-2019.

Umbótaáætlun Menntaskólans við Sund (MS), nefnd aðgerðaáætlun hér á eftir, er sett fram í markmiðum og aðgerðum hvers skólaárs, kynnt á skólafundi í upphafi skólaársins og birt á heimasíðu skólans (<https://www.msund.is/skolinn/stefna-skolans/sjalfsmats-stefna>). Áætlunin er byggð á stefnu MS til þriggja ára, útkomu úr sjálfsmati fyrra skólaárs, þar á meðal niðurstöðum starfsmanna- og nemendakannana og samningum MS við samstarfsnefnd KÍ.

Sjálfsmatsáætlun sem er byggð á skólanámskrá og sjálfsmatsstefnu skólans er gerð til þriggja ára í senn og birt á heimasíðu skólans. Einnig er sett fram tímaáætlun fyrir hvern sjálfsmatþátt, sjá mynd 1. Sjálfsmat skapar faglegan grundvöll að umbótastarfi og markmiðið er að nýta stofnanamenningu og mannauð skólans til að móta sjálfsmatsaðferðir MS.



### Sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára 2018-2021 Tímaáætlun einstakra sjálfsmatþátta

Sjálfsmatþáttur	Haustönn 2018	Vetrarönn 2018	Vorönn 2019	Haustönn 2019	Vetrarönn 2019	Vorönn 2020	Haustönn 2020	Vetrarönn 2020	Vorönn 2021
Aðgerðaáætlun skólans									
Sjálfsmatsáætlun skólaárs									
Nemendakönnun									
Eftirlit með brotthvarfi og mætingu									
Starfsmannaviðtöl rektors v nýja kennara									
Starfsmannaviðtöl rektors v eldri kennara									
Starfsmannakönnun									
Hugmyndabanki á Námsneti									
Mat á stjórnendum									
Tölfræði um námsárangur nemenda									
Starfendarannsókn									
Fundur sjálfsmatshóps með tenglum nemenda									
Rýnihópur nemenda um nýja námskrá									
Fundur stjórnenda og kennara faggreina									
Starfshópar um þróun skólustarfs									

Mynd 1: Tímaáætlun einstakra þátta í sjálfsmatsáætlun MS til þriggja ára.

Sé litið til tímaáætlunar til þriggja ára (mynd 1) er skemmst frá því að segja að skólanum tókst að fylgja flestum þáttum fyrir utan það að rýnihópur um nýja námskrá var ekki kallaður til.

### 1.1 Sjálfsmatshópur MS

Skólaárið 2018-2019 var Hjördís Þorgeirsdóttir, kennari í félagsfræði, verkefnisstjóri sjálfsmats. Starfshópur um sjálfsmat skólans stýrir sjálfsmatsvinnunni en hann skipa verkefnisstjóri, konrektor, 3-4 fulltrúar kennara/starfsmanna, 3-4 fulltrúar nemenda og 1 fulltrúi forráðamanna. Verkefnisstjóri stýrir fundum sjálfsmatshópsins, ritar fundargerðir og árlega skýrslu um starf hópsins. Skólaárið 2018-2019 sátu eftirfarandi í sjálfsmatshópi MS: Helga Sigríður Þórsdóttir, konrektor, Hjördís Þorgeirsdóttir, sjálfsmatsstjóri, Brynja Gunnlaugsdóttir, líffræðikennari, Petrína Rós Karlsdóttir, kennari í frönsku og

lýðræðisvitund, Unnur Sigmarsdóttir efnafræðikennari og Þórunn Steindórsdóttir, félagsfræðikennari sem fulltrúar starfsmanna. Birkir Örn Erlendsson og Björn Rúnar Kristinsson voru fastir fulltrúar nemenda á þessu skólaári úr Hagsmunaráði Nemendafélags MS og á síðasta fundinn mættu einnig tveir fulltrúar, sem verða fastir fulltrúar á næsta skólaári, þeir Benjamín Karl Styrmisson og Jón Árnason en einnig mættu aðrir nemendur á einstaka fundi þ.e. Ágúst Orri Arnarson, Þórunn Hilmarsdóttir og Grímur Garri Sverrisson. Eyrún Magnúsdóttir, fulltrúi foreldra, kom inn í sjálfsmatshópin í mars 2019 og á fund hópsins í maí mætti Valdís Vera Einarsdóttir sem varafulltrúi fyrir hönd stjórnar foreldrafélagsins.

Hópurinn hélt alls sjö fundi á skólaárinu 2018-2019, þrjá á haustönn 2018, tvo á vetrarönn 2018-2019 og tvo á vorönn 2019.

Skólaárið 2018-2019 var markmiðs- og aðgerðaáætlun um sjálfsmat með svipuðum hætti og árið áður. Áætlunin skiptist í árleg verkefni og ný verkefni. Árleg verkefni eru:

- Matshópur starfi áfram með 4 fulltrúum starfsmanna og 4 fulltrúum nemenda auk sjálfsmatsstjóra og konrektors.
- Setja fram sjálfsmatsáætlun 2018-2021.
- Vinna sjálfsmatskýrslu 2018-2019.
- Halda fund með tenglum nemenda.
- Próa áfram starfendarannsóknir og fá nýja kennara með.
- Fundir stjórnenda með fagdeildum.
- Starfsmannaviðtöl rektors með nýjum starfsmönnum.
- Kennslukönnun í lok hveggjar annar.
- Starfsmannakönnun vor 2019.
- Mat á stjórnendum.
- Taka saman gögn um námsárangur í lok hveggjar annar.

Ný verkefni í aðgerðaáætlun 2018-2019:

- Taka þátt og safna gögnum fyrir ytra mat á skólastarfi
- Útbúa og leggja fyrir foreldrakönnun

Um framkvæmd þessara verkefna er fjallað nánar hér á eftir í skýrslunni.

Sjálfsmatsstefnu MS er að finna á heimasíðu skólans: <https://www.msund.is/-skolinn/stefna-skolans/sjalfsmatsstefna/adgerdaaetlun-um-sjalfsmat>

## 2 Almennar upplýsingar

### 2.1 Markmið

Frá skólaárinu 2015-2016 hóf Menntaskólinn við Sund að bjóða upp á möguleika á þriggja ára stúdentsprófi samkvæmt nýrri námskrá skólans. Skólaárið 2016-2017 var bekkjakerfið lagt niður og námið skipulagt á þremur önnum yfir skólaárið. Nemendur geta valið á milli tveggja námsbrauta, félagsfræðabrautar og náttúrufræðibrautar. Innan hvorrar brautar geta nemendur valið um tvær námslínur. Innan félagsfræðabrautar eru það félagsfræðisögu og hagfræði-stærðfræði námslínur og innan náttúrufræðibrautar eru það líffræðiefnafræði og eðlisfræði-stærðfræði námslínur. Það er markmið skólans að bjóða nemendum góða þjónustu og fyrsta flokks nám í skólasamfélagi sem einkennist af virðingu,

trausti og hlýju á milli kennara og nemenda. Námið á að stuðla að þroska einstaklingsins, styrkja hann og veita honum góðan undirbúning til frekara náms. Námið þarf að fela í sér þjálfun á vinnubrögðum, gagnrýna hugsun og hvatningu til sköpunar. Sjá nánari upplýsingar á heimasíðu MS: <https://msund.is/namid/namsbrautir>

## 2.2 Nemendur

Nemendatölur miðast við fjölda nemenda við lokun vinnumats hverrar annar, þ.e. tíu kennsludögum eftir að kennsla hefst.

**Tafla 1: Fjöldi nemenda haust, vetur og vor 2018-2019**

	Haust 2018	Vetur 2018	Vor 2019
Allir	653	629	629
Piltar	303	290	295
Stúlkur	350	339	334

**Tafla 2: Skipting á námsbrautir haust 2018**

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	104		103		207
2. námsár	36	67	34	48	185
3. námsár	50	73	22	46	191
4. námsár	17	17	7	21	62
5. námsár	5	3	0	0	8
				Samtals	653

**Tafla 3: Skipting á námsbrautir vetur 2018**

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	30	71	34	66	201
2. námsár	39	68	28	47	182
3. námsár	49	74	22	46	191
4. námsár	17	11	6	15	49
5. námsár	4	2	0	0	6
				Samtals	629

**Tafla 4: Skipting á námsbrautir vor 2019**

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Alls
1. námsár	36	72	37	67	212
2. námsár	47	67	25	48	187
3. námsár	49	74	22	46	191
4. námsár	11	8	3	11	33
5. námsár	3	2		1	6
				Samtals	629

Meðalaldur nemenda við skólann á skólaárinu 2018-2019 var 17,35 miðað við mars 2019.

Tafla 5: Útskriftir voru þrjár Skólaárið 2018-2019

	Félagsfræði- og sögulína	Hagfræði- og stærðfræðilína	Eðlisfræði- og stærðfræðilína	Líffræði- og efnafræðilína	Eldra kerfi	Alls
1.12. 2018	2	4	0	6	1	13
9.03. 2019	6	1	2	5	1	15
1.06. 2019	40	54	17	39	1	151
Alls brautskráningar á skólaárinu:						179



Mynd 2: Stúdentaútskrift vorið 2019

Mynd: Hafsteinn Óskarsson 2019

Tafla 6: Útskriftarnemendur skólaársins 2018-2019 eftir kynjum

Útskrift:	Drengir	Stúlkur	Alls
1.12. 2018	6	7	13
9.03. 2019	7	8	15
1.06. 2019	57	94	151
Samtals	70	109	179

## 2.3 Starfsfólk

Tafla 7: Starfsfólk skólaárið 2018 - 2019

	Haust 2018	Vetur 2018	Vor 2019
Kennarar	50	51	52
Þjónustusvið	13	13	12
Námsorlof	2	2	2
Fæðingarorlof		1	
Veikindaleyfi	1	3	2
Leyfi	1	2	2
Samtals	67	72	70

Fjöldi starfsmanna 2018-2019, var 69,7 þar af voru starfandi kennarar að meðaltali 51, stjórnendur 4 og stöðugildi á þjónustusviði um 12. Einn starfsmaður hætti vegna aldurs á skólaárinu, tveir starfsmenn voru í orlofi, þrír í veikindaleyfi og tveir í leyfi, þar af annar í launalaus leyfi. Einn kennari var í fæðingarorlofi á vetrarönn. Á þjónustusviði voru rúmlega 12 stöðugildi sem sjö karlar og sjö konur sinntu. Þau skiptast þannig: fjórir stjórnendur, þar af einn í 75% starfshlutfalli við stjórnun en sinnir einnig kennslu, tveir námsráðgjafar, einn bókasafnsfræðingur, einn fjármálastjóri, tveir á skrifstofu, einn fastráðinn umsjónarmaður húsnæðis og einn aðstoðarmaður hans

Þeir sem sinntu kennslu í skólanum voru 54, þar af 17 karlmenn og 37 konur. Fullgild kennsluréttindi höfðu 52 og tveir leiðbeinendur í hlutastarfi með háskólapróf. Sex kennarar hafa lokið doktorsprófi, 33 MA- eða MS-prófi og 15 hafa lokið BA-prófi.

Fjórir starfshópar voru starfandi innan MS á skólaárinu auk lögbundinna nefnda, skólanefndar og skólaráðs. Sjálfsmatshópur, starfendarannsóknarhópur, þróunarhópur um leiðsagnarnám og öryggisnefnd. Í hópunum eru fulltrúar starfsfólks og í sumum þeirra eru einnig fulltrúar nemenda og forráðamanna, en hóparnir eru flestir undir stjórn verkefnisstjóra. Að auki störfuðu verkefnastjórar án hópa að ýmsum verkefnum, þ.e. mætingarstjóri, endurmenntunarstjóri, hirðmeistari útskriftar, félagsmálafulltrúar, jafnréttisfulltrúi, forvarnarfulltrúi, verkefnastjóri með tvítyngdum nemendum og nemendum með annað móðurmál en íslensku og verkefnisstjóri með Námsnetinu.

### **3 Stefna ríkisaðila og sjálfsmat Menntaskólans við Sund til þriggja ára**

Menntaskólinn við Sund skilaði til menntamálaráðuneytisins í október 2018 stefnu ríkisaðila til þriggja ára um opinber fjármál. Stefnunni er skipt niður í tvo megin þætti: Kjarnastarfsemi og rekstrarþætti.

#### **3.1 Kjarnastarfsemi**

Hlutverk Menntaskólans við Sund er að undirbúa nemendur undir líf og starf í lýðræðisþjóðfélagi framtíðarinnar og frekara nám á háskólastigi. Grunnildi skólans eru virðing, jafnrétti, ábyrgð og heiðarleiki. Skólinn einsetur sér að vinna í samræmi við menntastefnu hvers tíma og vera leiðandi á sviði náms, námsaðferða og námsmats. Í stefnu ríkisaðila kemur fram að nemendum í skólanum var fækkað um 120 á milli skólaára miðað við fjárheimildir skólans.

Fjölbreytni í náms- og kennsluháttum eru lykilatriði í starfsemi skólans og í starfinu haft að leiðarljósi að örva virkni og þátttöku nemenda. Mikil áhersla er lögð á verkefnabundið og samvinnutengt nám og unnið út frá kenningum um að byggja upp námskraft nemenda (BLP). Kennarar eru hvattir til fjöl- og nýbreytni í náms- og kennsluháttum og að taka þátt í þróunarstarfi (sjá kafla 5.2, 5.3 og 8).

##### **3.1.1 Aðgerðir gegn brotthvarfi**

Með það að markmiði að minnka brotthvarf í skólanum er unnið samkvæmt aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi (sjá kafla 5.1.). Mætingarstjóri og kennslustjóri halda utan um mætingu nemenda. Brotthvarf er lágt úr skólanum en er hæst meðal nemenda sem eru komnir á 4. eða 5. námsár 4,3%. Flestir nemendur sem hætta halda áfram námi



í öðrum skólum. Brotthvarfssérfræðingur og námsráðgjafar hafa haldið uppi fræðslu um námið námstækni fyrir bæði nemendur og forráðamenn þeirra. Skólaárið 2018-2019 var ráðinn verkefnisstjóri með umsjón með tvítyngdum nemendum og nemendum með annað móðurmál en íslensku, sem hefur bætt þjónustu við þessa nemendur til muna.

Fram kemur í stefnu skólans að markmið hans sé að brautskrá a.m.k. 60% nemenda sem hefja nám. Fyrstu nemendur úr þriggja anna kerfi skólans útskrifuðust vorið 2018. Útskriftartölur gefa til kynna að af þeim 255 sem hófu nám haustið 2015 hafi 128 lokið stúdentsprófi eftir þriggja ára nám, þ.e. vorið 2018. Aðrir 10 á 10 önnum, 14 á 11 önnum og 14 á 12 önnum eða fjórum árum. Þessar tölur hafa ekki verið kennitölugreindar en gefa til kynna að útskriftarhlutfall úr árganginum sé um 50% eftir þrjú ár og 65% eftir 4 ár sem er í takt við markmið skólans.

Eftir því meiri reynsla kemur á þriggja anna kerfið hafa nemendur lært að stilla námstímann eftir þörfum og vanist því að ekkert athugavert sé við að ljúka námi á lengri tíma. Eftir sem áður er MS ungmennaskóli og fáir halda áfram námi á 5. námsári enda brotthvarf hæst þar.

### **3.1.2 Efling gæða náms og námsmats og tenging við hæfniviðmið námskrár**

Með það að markmiði að efla gæði náms og námsmats var ákveðið að taka upp símat í öllum áföngum þegar þriggja anna kerfið var tekið upp í MS. Farið hefur fram endurnýjun á öllum áföngum í skólanum þar sem áfangalýsingar hafa verið umskrifadaðar með þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið að leiðarljósi. Frá og með skólaárinu 2018-2019 eru allir áfangar skólans skilgreindir sem símatsáfangar. Í skólanum er lögð rík áhersla á verkefnatengt nám, samvinnu, hópavinnu og stöðuga endurgjöf til nemenda með aukinni áherslu á leiðsagnar-, jafningja- og sjálfsmat. Í kafla 6.4 kemur fram að 90% kennara sem tóku þátt í starfsmannakönnun vorið 2019 telur að sér hafi tekist vel til við að innleiða verkefnabundið nám í einstaka áföngum og hefur hlutfallið farið ört hækkandi undanfarin ár.

Á skólaárinu 2018-2019 hófst vinna við að skrá markmið með öllum stærri verkefnum og prófum í áföngum undir yfirskriftinni „Nám í MS“. Verkefnið er til þriggja ára og hefur farið vel af stað. Þessi vinna er unnin undir stjórn fagstjóra og geta kennarar sótt um þróunarstyrki til samstarfsnefndar félagsmanna í KÍ og skólans. Stjórnendur tóku þá ákvörðun að fækka fagstjórum úr sextán í átta haustið 2018. Fækkun fagstjóra hefur leitt til skilvirkari samskipta við stjórnendur, fundargerðum fagfunda er haldið betur til haga og hefur skapast öflugur vettvangur þar sem hægt er að ræða málefni skólans á árangursríkan hátt (sjá kafla 5.1. og mynd 7 kafla 6.4). Fækkunin hefur einnig leitt til samþjöppunar greina sem hefur þau áhrif að byrjað er að samræma bæði nám og forsendur námsmats tengdra greina í deildum. Þetta er gert til þess að markmið og vinnuframlag nemenda í áföngum sé svipað og áherslur í takt við skilgreind hæfniprep þeirra.

Stefna MS í námi og kennslu er að byggja upp námskraft nemenda. Til þess að byggja upp stefnuna og viðhalda henni hafa kennarar verið sendir á námskeið og í námsferðir, fyrirlestrar verið haldnir í skólanum og sett upp veggspjöld með leiðbeiningum sem hjálpa nemendum að ná lengra á eigin spýtur (sjá kafla: 5.2, 8.2 og 8.3)

### 3.1.3 Áframhaldandi þróun á nýrri námskrá MS og þriggja anna kerfinu

Vinna við undirbúning á nýrri útgáfu af námskrá skólans sem gefin verður út árið 2021 er hafin. Hluti af þróunarverkefninu „Nám í MS” er umbótaverkefni þar sem áfangalýsingar eru betrubættar eftir þörfum sem endar með nýrri útgáfu af námskrá MS. Verkefnið er til þriggja ára og hefur það að markmiði að samþætta verkefni og próf við viðmið í áföngum eins og þau eru skráð í gagnagrunn menntamálaráðuneytisins. Við þessa vinnu hefur þegar komið í ljós að kennurum finnst þörf á að skrifa sumar áfangalýsingar betur. Með verkefninu vilja kennarar og stjórnendur vera vissir um að þau markmið sem standa í námskrá skólans séu uppfyllt með námi og kennslu í áföngum í skólanum (sjá kafla 3.1.2).

### 3.2 Rekstrarþættir

Í rekstri skólans var unnið að því markmiði að nýta sem best húsnæði, fjárframlög og þann mannauð sem skólinn hefur yfir að ráða.

Skólaárið 2018-2019 var framboð áfanga með ásættanlegum hætti fyrir nemendur og hópanýting eins og best er á kosið.

Í desember 2018 fékk MS viðurkenningu fyrir að uppfylla fyrstu tvö skrefin af grænum skrefum í ríkisrekstri. Skólinn færir grænt bókhald og hefur gert það síðan 2015. Grænt bókhald er fært mánaðarlega og skilað inn árlega. Umtalsvert magn hefur sparast með minni orkunotkun, hækkuðu hlutfalli endurnýjanlegs sorps og samdrætti í pappírnotkun. Frá árinu 2016-2017 hefur notkun á rafmagni og heitu vatni dregist umtalsvert saman. Þann fyrsta janúar hófst kolefnisjöfnun allra námsferða í MS bæði starfsmanna og nemenda.

Vinna við þróun á rafrænu valkerfi stóð í stað á árinu ekki síst vegna fjárskorts. Það verður áfram markmið stjórnenda að hannað verði kerfi þar sem nemendur geta haldið betur utan um námsferil sinn. Í dag er stuðst við námsferlayfirlit úr Innu, exelskjöl og önnur gögn sem sýna námsferilinn með myndrænum hætti.

Meðalaldur kennara við skólann hefur verið nær sá sami síðustu þrjú skólaárin, rétt rúmlega 51 ár. Aldursdreifing kennara hefur þó breyst og kennurum milli 55 og 59 ára fjölgað hlutfallslega á kostnað kennara sem eru 60 ára og eldri.

## 4 Mat á markmiðum skólasamnings

Í viðauka með skólasamningi 2013-2015 eru markmið sett fram undir 8 liðum þ.e. nám, skólasýn, námssamfélag, stjórnun, ný skólanámskrá, sjálfsmat, húsnæði og rekstur. Sjá skólasamninginn og viðauka við hann á heimasíðu MS:

(<http://gamla.msund.is/page.asp?id=2565&x=>). Því hefur verið lýst í sjálfsmatsskýrslum síðustu ára hvernig gekk að vinna að settum markmiðum í þessum skólasamningi, sjá á heimasíðu MS (<http://gamla.msund.is/page.asp?id=2128&x=>). Ekki hefur verið gerður nýr skólasamningur síðan 2013. Ný námskrá hefur verið innleidd og nýtt þriggja anna kerfi og ný viðbygging MS tekin í notkun.

## 5 Markmið og aðgerðir 2018-2019

Árlega setur skólinn sér aðgerðaáætlun þar sem tilgreint er hvaða markmiðum skuli stefnt að á skólaárinu og til hvaða aðgerða skuli grípa til að ná settum markmiðum. Skólaárið 2018 til 2019 var unnið að eftirfarandi markmiðum:

1. Mótun skólabrags í nýju skólaumhverfi
2. Þróun kennslufræði í takt við nýja námskrá
3. Endurmenntun, starfsþróun og faglegt samstarf
4. Frekari þróun þriggja anna kerfisins
5. Umbætur og aðhald

### 5.1 Mótun skólabrags í nýju skólakerfi

Við gerð skóladagatala 2018-2019 var ákveðið að gera tilraun með að byrja skólann seinna að hausti. Einnig var kennslutími á morgnana færður frá 8:10 til 8:30. Almenn ánægja var með þessar tilfæringar bæði meðal nemenda og kennara. 97% kennara sem tóku þátt í starfsmannakönnun skólans að vori voru mjög ánægðir með breytingarnar.

Unnið var áfram að þróun umsjónarkerfis með nemendum í þriggja anna kerfinu. Kennarar sem eru tveir í hverju teymi hitta nemendur tvisvar á önn, alls sex sinnum yfir veturinn. Umsjónarfundir voru notaðir til þess að kenna yngri nemendum á námskerfi skólans og Innu, aðstoða nemendur við að halda utan um námsferil sinn og undirbúa þá undir valdaga svo eitthvað sé nefnt. Umsjónarkerfið er enn í mótun. Á skólaárinu var í fyrsta skipti ráðinn verkefnisstjóri með tvítyngdum nemendum og nemendum með annað móðurmál en íslensku. Verkefnisstjóri sér um ráðgjöf og stuðning við viðkomandi nemendur og kynnir þeim þá þjónustu sem er í boði. Skólinn leggur áherslu á að tungumálakunnátta sé könnuð með það í huga að nemandi geti fengið móðurmál sitt metið til eininga.

Með það að markmiði að efla faglegt samstarf innan námsgreina og milli þeirra var fagstjórn í skólanum breytt. Fagstjórum var fækkað úr 16 í 8 og er hægt að fullyrða að það hefur greitt fyrir þverfaglegu starfi, aukið samræmingu milli tengdra námsgreina, bætt grundvöll fyrir þróunarstarfi og eftl starf fagstjóra. Í starfsmannakönnun vorið 2019 mátti þó greina óánægju meðal nokkurra kennara. Á næsta skólaári verður þetta fyrirkomulag þróað áfram og haldið enn betur utan um starf fagstjóra af hálfu stjórnenda. Á skólaárinu var í fyrsta skipti útskrifað þrisvar sinnum, þ.e. eftir hverja önn, tveimur vikum eftir lok annar. Tímasetning brautskráningar var ákveðin með tilliti til álagstíma stjórnenda við töflugerð á annaskiptum. Eftir haust- og vetrarönn fór brautskráning fram í skólanum sjálfum en stærsta útskriftin fór fram að lokinni vorönn, þann 1. Júní, í Háskólabíói. Mikil ánægja var meðal nemenda og fjölskyldna þeirra með þessar útskriftir og þarna kom kostur þriggja anna kerfisins vel í ljós.

Umhverfismál eru hátt skrifuð í skólanum. Skref 1 og 2 í ríkisrekstri voru uppfyllt í desember 2018, unnið var að bættri umgengni meðal nemenda, flokkunartunnum fjölgað og nemendur uppfræddir um flokkun á rusli.

Á skólaárinu 2018-2019 var áfram unnið eftir aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi. Í aðgerðaráætlun gegn brotthvarfi kemur fram verklag skólans í þessum efnum og hvernig kennarar með kennsluháttum og viðhorfi geta komið á móts við nemendur og eftl námskraft þeirra (Anna Sigurðardóttir, 2017).

Leitað var leiða til að auka skilvirkni verklags og minnka brotthvarf enn frekar. Kennslustjóri leiddi áfram vinnuna í nánu samstarfi við mætingarstjóra og námsráðgjafa. Haldið er mjög fast utan um mætingu nemenda og uppgjör á skólasókn er þrisvar á hverri önn. Mætingarstjóri boðaði á fund þá nemendur sem mættu illa og sendi hróspósta til hinna sem mættu vel. Sem fyrr eru ýmsar áskoranir í þessum málaflökki og ber þá hefst að nefna nemendur yfir 18 ára aldri sem glíma við persónulega erfiðleika og ná ekki fótfestu í náminu. Úrræði skólans felast í því að ná til þessara nemenda og fá þá til að koma í skólann og sækja sér ráðgjöf og stuðning.

Með það að markmiði að lágmarka brotthvarf, er vinnureglan sú að kennslustjóri og mætingarstjóri boða nemendur í viðtal með forráðamönnum, hafi nemandi ekki náð 18 ára aldri og mætingarhlutfall reynist undir viðmiðunarmörkum. Lögð er áhersla á að um hvatningarviðtal sé að ræða til þess að leita úrlausna. Skólinn er sveigjanlegur og reynir ávallt að finna leiðir til að halda viðkomandi nemendum í námi, nemendum er ekki vísað úr skóla þrátt fyrir að mæting sé slök heldur er frekar reynt að draga úr námsálagi og bjóða stuðning. Þessi nálgun skilar árangri, nemendur halda í skólavistina og margir þeirra komast aftur á beinu brautina. Til marks um þetta má nefna að litlir en mikilvægir sigrar unnust á vorönn 2019 en þá útskrifaði skólinn hóp „eldri“ nemenda sem hafði strögglað í náminu og verið í mikilli brotthvarfshættu á tímabili.

Mikil breyting hefur orðið á brotthvarfi í MS undanfarin ár. Sveigjanleiki þriggja anna kerfisins virðist stuðla að því að nemendur halda áfram í námi þótt þeir glími við mikla erfiðleika. Nokkur hreyfing er á nemendum við annarskil og er mikilvægt að fylgjast náið með slíkum breytingum. Skólinn hefur sett upp verklag sem miðar að því að halda sérstaklega utan um þann hóp nemenda sem segir sig úr námi. Þetta er gert með því að safna saman upplýsingum úr Innu og með því að hringja í nemendur nokkrum mánuðum eftir úrsögn úr námi. Þessi eftirfylgni hefur skilað skólanum gagnlegum upplýsingum um bakgrunn og upplifun þessa hóps á skólanum. Niðurstaðan er sú að brotthvarf eins og það er skilgreint af menntamálaráðuneytinu er afar lítið í MS nú eins og síðustu ár. Afgerandi meirihluti þeirra nemenda sem skrá sig úr námi í MS fer beint í aðra skóla og heldur áfram námi.

Auk umfangsmikils mætingareftirlits fer fram miðannarmat í hverjum áfanga um miðja önn. Konrektor tekur tölurnar saman og biður fagstjóra í hverri deild að ræða niðurstöðurnar við samstarfsfólk sitt. Með miðannarmati má greina hvaða nemendur eru í vandræðum námslega og þar með í aukinni brotthvarfshættu. Skólinn fer yfir gögn um miðannarmat og hefur samband við þá nemendur sem koma illa út. Nemendum sem fá ófullnægjandi námsmat í tveimur greinum eða meira er bent á að leita til námsráðgjafa. Á vorönn í nýju kerfi voru kennarar hópa, þar sem hlutfall nemenda með „Ó“ á miðannarmati var töluvert hærra en meðaltalið, beðnir um að rýna í námsumhverfið og einstaka nemendur og senda konrektor greinargerð. Fagstjórar voru einnig hvattir til að fara yfir niðurstöðurnar og greina hvort ástæða væri til að endurskoða verklag í viðkomandi fagdeild.

Á skólaárinu var haldinn fyrirlestur fyrir forráðamenn um nám, námstækni, kvíða og seiglu sem brotthvarfssérfræðingur skólans hélt. Foreldrasamstarf við skólann hefur verið eftir undanfarin ár. Foreldrar halda aðalfund og fræðslufund einu sinni á ári. Foreldrar sinna foreldragæslu á dansleikjum skólans í samráði við félagsmála- og forvarnarfulltrúa

skólans, eiga fulltrúa í sjálfsmatshópi skólans og skólanefnd. Stuðningur foreldra og vitund þeirra um nám og stöðu barna sinna bætir námsárangur og minnkar brottfall. Sú nýbreytni var tekin upp á skólaárinu að bæta valkvæðri greiðslu inn á greiðsluseðil skólagjalda sem rennur beint til foreldraráðs. Þessi leið hefur skilað árangri og ætti að auðvelda ráðinu að skipuleggja fræðslufundi og efla starfið og styðja við nemendur.

## 5.2 Þróun kennslufræði í takt við nýja námskrá

Stefna skólans í námi og kennslu er að efla námskraft nemenda (e. learning power), gera þá að sjálfstæðum námsmönnum með það að markmiði að minnka brottvarf frá námi og fjölga þeim sem klára stúdentspróf við skólann. Annars vegar tengist þessi stefna Hvítbók menntamálaráðherra frá 2014 og hinsvegar hugmyndafræði Guy Claxton (Guy, 2006) um (BLP) „Building learning power“ sem skólinn starfar eftir. Hugmyndafræðin birtist helst í náms- og kennsluáðferðum við skólann sem ganga út á að nota fjölbreyttar aðferðir.

Hvað gerir nemandi með mikinn námskraft?	Hvað er til ráða þegar maður strandar?
 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Spyr spurninga</li> <li>• Les</li> <li>• Gagnrýnir</li> <li>• Prófar sig áfram</li> <li>• Fær hugmyndir</li> <li>• Rökræðir</li> <li>• Hermir eftir</li> <li>• Hefur frumkvæði</li> <li>• Tekur þátt í umræðum</li> <li>• Ígrundar</li> <li>• Setur sig í spor annarra</li> <li>• Framkvæmir</li> </ul> <p style="font-size: small;">Byggt á Claxton, Guy, (2018). The Learning Power Approach. Hjördís Þorgeirsdóttir 2019.</p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesa spurninguna/verkefnið aftur</li> <li>• Skipta spurningunni/verkefninu niður í hluta</li> <li>• Spyrja vin</li> <li>• Hvað veit ég nú þegar sem gæsti hjálpað mér?</li> <li>• Fletta upp í kennslubókinni</li> <li>• Fletta upp í glærum á námsnetinu</li> <li>• Fletta upp í orðabók</li> <li>• Fletta upp á netinu</li> <li>• Ræða um vandamálið</li> <li>• Fara á aðra spurningu/annað verkefni og koma aftur að þessari/þessu síðar</li> </ul> <p style="font-size: small;">Byggt á Claxton, Guy, (2018). The Learning Power Approach. Hjördís Þorgeirsdóttir 2019.</p>

Mynd 3: Veggspjöld til þess að byggja upp námskraft nemenda (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2019)

Unnið var á margvíslegan hátt að því að auka virkni og þátttöku nemenda í námsferlinu. Starfsmenn tóku þátt í þróunarverkefnum tengdum breyttum kennsluháttum og ber þar hæst þróunarverkefni um leiðsagnarnám og starfendarannsóknir kennara. Auk þess hafa nokkrar námsferðir starfsmanna á vegum Erasmus+ snúist um að auka þekkingu kennara og stjórnmenda á stefnunni.

## 5.3 Endurmenntun, starfsþróun og faglegt samstarf

Starfendarannsóknir kennara, fræðslufundir fyrir alla starfsmenn og þróunarverkefni um leiðsagnarnám voru liðir í endurmenntun og starfsþróun starfsmanna. Erlent samstarf var blómlegt á skólaárinu. Rúmlega 20 starfsmenn fóru á ráðstefnur og í aðrar fræðsluferðir til útlanda en nánar er fjallað um námssamfélag starfsmanna og erlent samstarf á árinu í kafla 8.

Menntaskólinn við Sund tók á árinu upp lögbundna persónuverndarstefnu sem hafði áhrif á starfshætti stjórnmenda, kennara og námsráðgjafa við skólann

Skólinn hafði eins og undanfarin ár nokkuð samstarf við systurskólann Vogaskóla og var ákveðið að sækja um sameiginlegan þróunarstyrk til Sprotasjóðs sem nýttur verður í að byggja upp faglegt lærdómssamfélag skólanna við Sund.

Undirbúningur fyrir námsferð starfsmanna fór fram á skólaárinu og var tekin ákvörðun að fara til Toronto í Kanada. Ferðanefnd var skipuð og sáu félagar í henni um að skipuleggja skólaheimsóknir og fræðslufyrirlestra fyrir starfsmenn. Ferðin verður farin á námsmatsdögum og haustfríi um miðjan október. Ferðin sameinar bæði námsferð starfsmanna, menningar- og skemmtiferð og á eflaust eftir að efla starfsandann. Toronto varð fyrir valinu þar sem menntakerfi Ontariofylkis er talið framúrskarandi á heimsvísu ef miðað er við upplýsingar úr PISA rannsókninni.

#### **5.4 Frekari þróun þriggja anna kerfisins**

Haldið var áfram að þróa verkferla bæði í töfluggerð og við að halda utan um námsferla nemenda. Þessi vinna er mest unnin í Exel og Inna mötuð af upplýsingum úr Exel þar sem námsferilsformið í Innu nýtist illa skóla sem hefur jafn sveigjanlegar námslínur og MS. Stjórnendur sjá að mestu um vinnuna ásamt námsráðgjöfum, þjónustufulltrúa og skrifstofustjóra.

Haldinn var einn rýnifundur með nemendum um námið í MS og voru nemendur almennt ánægðir með námið og námsfyrirkomulagið. Þeim fannst þó að námsálag á fyrsta námsári mætti vera meira, óskuðu eftir fleiri valáföngum, spænsku sem þriðja máli og að hægt væri að læra lögfræði eða sálfræði í skólanum.

Þróunarverkefninu Nám í MS var hrint af stað í nóvember 2019.

Það tók skólann nokkur ár að upplýsa umheiminn um breytt námsfyrirkomulag í MS og niðurfellingu bekkjarkerfisins. Óhætt er að fullyrða að bæði nemendur og kennarar hafi aðlagast breyttu námskerfi í MS og nýnemar síðustu tveggja ára óskað eftir skólavist vegna þess kerfis sem starfað er eftir í dag. Í almennu tali nemenda og nokkurra kennara hvílir þó ákveðin rómantik yfir hugmyndinni um að vera hluti af bekk.

#### **5.5 Umbætur og aðhald**

Unnið var áfram að bættu upplýsingarflæði til starfsmanna og nemenda. Fundargerð allra stjórnendafunda hefur verið rituð og send öllum starfsmönnum síðustu ár. Auk þess sendir rektor reglulega frá sér hugleiðingar um vinnuvikuna og dagskrá vikunnar er gefin út af skrifstofu skólans. Þegar mikilvægar dagsetningar eru framundan gefur konrektor út mánaðardagatöl sem eru hengd upp á kaffistofu starfsmanna og auk þess send í tölvupósti. Almennt eru starfsmenn ánægðir með upplýsingagjöf frá skólanum.

Mikið aðhald hefur verið í öllum rekstri skólans undanfarin ár. Nemendum var fækkað á skólaárinu og vinnu deilt á milli kennara með það að markmiði að minka umfang yfirvinnu sem hafði verið þó nokkur á breytingatímabilinu. Nýting í námshópum var eins og best er á kosið sérstaklega á haust- og vetrarönn.

Áfram var unnið að færslu græns bókhalds. Taka þurfti á sorpmálum og hvetja bæði nemendur og starfsmenn til þess að flokka rusl frá skólanum betur. Urðu miklar úrbætur á flokkunarmálum á skólaárinu. Skólinn fékk viðurkenningu fyrir fyrstu tvö skrefin í Grænum skrefum í ríkisrekstri og mun fljótlega sækja um það þriðja.

## 6 Kannanir

Til þess að meta nám og kennslu, þjónustu í skólanum, starfshætti og starfsskilyrði eru lagðar kannanir bæði fyrir starfsmenn, nemendur og forráðmenn þeirra. Einnig er haldinn a.m.k. einn rýnifundur á ári með nemendum.

### 6.1 Nemendakönnun


Nemendakannanir eru lagðar fyrir alla nemendur á hverri önn. Spurningalisti fyrir nemendakönnun var endurskoðaður á haustönn 2019 og ýmsar breytingar gerðar. Nemendakönnun er lögð fyrir á námsnetinu í lok hvernna annar, 10 síðustu kennsludaga hvernna annar. Sami spurningalisti var lagður fyrir á öllum önnum nema á vorönn 2019 var samþykkt að sleppa opinni spurningu í lokin þar sem athugasemdir nemenda þóttu í sumum tilfellum hvorki gagnlegar né uppbyggilegar. Nemendur hafa kost á að koma með athugasemdir í gegnum Námsnetið eða í þar til gert pósthólf í skólanum. Heildarniðurstaða nemendakönnunar var sú sama á öllum önnum, þ.e. 4,1 af 5 mögulegum. Hæstu meðaltölín eru fyrir hæfilegan fjöldi prófa, einstaklings- og hópverkefna 4,2- 4,3 en lægsta meðaltalið er fyrir hversu mikið eða lítið kennarinn notar Námsnetið fyrir efni tengt áfanganum sem þó hækkaði á milli anna úr 3,8 í 3,9. Nokkur breytileiki er í einkunnum kennara. Heildareinkunnir kennara með lökustu einkunnirnar eru bilinu 2,24 til 3,2 og þeir kennarar sem hæst koma út á bilinu 4,3 til 5,0 Rætt hefur verið um í skólanum að finna þurfi leiðir til að auka þátttöku nemenda í könnunum því þátttakan er aðeins 50-60%. Það er svipað hlutfall nemenda sem tekur þátt á hverju ári og erfitt reynist að fá fleiri nemendur til þátttöku.

Niðurstöður nemendakannana skólaárið 2018-2019 voru heldur betri en árin á undan. Árið 2017-2018 var meðaltalið 3,7 og árið 2015-2016 var það 3,9 bæði að hausti og vori. Mynd 4 sýnir meðaltalið af hverri spurningu á skólaárinu 2018-2019. Heildarniðurstöður úr nemendakönnunum eru kynntar á heimasíðu skólans og á kennarafundum.

Niðurstöður hvers kennara eftir námshópum og samanburður við árgang og heildina eru opnar á Námsnetinu fyrir hvern kennara eftir annarlök. Leitast er við að taka mið af niðurstöðum nemendamatsins í aðgerðaráætlun hvers árs. Einnig eru niðurstöður nemendakönnunar nýttar sem grunnur í starfsmannaviðtölum rektors við kennara.



## Niðurstöður nemendakönnunar MS Haustönn 2018, Vetrarönn 2018-2019 og Vorönn 2019



Mynd 4: Niðurstöður nemendakönnunar skólaárið 2018-2019

### 6.2 Umræðufundur með nemendum

Til þess að fá frekari upplýsingar um skólastarfið, skólabraginn og félagslíf nemenda var boðað til fundar með fulltrúum nemenda. Sjálfsmatshópurinn setti fram dagskrá fundarins, en nemendum var frjálst að koma sínum hugðarefnum að. Á fundinum kom fram að nemendum liði almennt vel í skólanum, kynnu vel við stokkatöfluna og væru sáttir við að skólinn hæfist ekki fyrr en 8:30. Þeim fannst að kennarar mættu vera meðvitaðri um félagslífið og taka meira tillit til nemenda, eins kom fram að kennarar mættu samræma betur notkun sína á Námsnetinu svo nemendum væri ljóst hvar verkefni væru lögð fyrir. Að lokum gagnrýndu nemendur valkerfið í skólanum og fannst það óskýrt. Eftir fundinn voru ábendingar nemenda notaðar til þess að bæta skólastarfið, en stór liður í því er að bæta umsjónarkerfið og gefa umsjónarkennurum og nemendum betri möguleika til þess að öðlast yfirsýn yfir námið og námsferilinn.

### 6.3 Foreldrakönnun

Vorið 2019 var könnun lögð fyrir foreldra nemenda undir 18 ára aldri í skólanum. Spurningar voru 20 en svarhlutfallið einungis 37% sem ómarktækt Spurt var m.a. um afstöðu foreldra til þjónustu í skólanum, námið, upplýsingaflæði frá skólanum og aðstöðu svo eitthvað sé nefnt. Skemmst er frá því að segja að svör voru almennt mjög jákvæð. Um 90% foreldra sögðust fylgjast vel með námi barna sinna, tæplega 80% töldu sig þekkja til skólanámskrárárinnar en einungis helmingur sagðist fylgjast með heimasíðu skólans.



Áætlað er að leggja svipaða könnun aftur fyrir á næsta skólaári og sníða af þá vankanta sem upp komu á framkvæmdinni


#### 6.4 Starfsmannakönnun

Starfsmannakönnun var lögð fyrir á Námsnetinu í lok vorannar. Alls voru þetta 25 spurningar, 14 spurningar fyrir alla starfsmenn og síðan 11 spurningar eingöngu fyrir kennara. Spurt var um líðan, viðhorf til samstarfsfólks, vinnuaðstöðu, innleiðingu verkefnabundins náms og ýmissa stefnumála sem eru efst á baugi hverju sinni t.d. að byrja skóladaginn 8:30 í stað 8:10, um nýtt skipulag fagstjórnar og niðurstöður nafnanefndar. Nefnd um nöfn á byggingar og rými í skólanum var skipuð á haustdögum 2018 og skilaði tillögum vorið 2019. Haustið 2019 var einnig tekið upp nýtt og skilvirkara númerakerfi á kennslustofur.

Alls tóku 38 manns eða um 58% starfsmanna þátt í könnuninni sem lögð var fyrir á Námsnetinu frá 28. maí til 7. júní 2019. Heildarniðurstöður könnunarinnar voru kynntar af sjálfsmatsstjóra á skólafundi við upphaf haustannar 2019.


Óhætt er að fullyrða að flestum starfsmönnum í MS líður vel í vinnunni. 92% þeirra sem svöruðu könnuninni sögðu að þeim hafi alltaf eða oft liðið vel í vinnunni í vetur. 94% finnst samstarfsfólkið jákvætt og hvetjandi og hækkaði hlutfallið úr 64% árið 2017-2018. Starfsánægja hefur aukist ár frá ári í MS síðastliðin ár og er helst því að þakka að ekki eru lengur miklar byggingaframkvæmdir við skólann og breytingar úr bekkjarkerfi í þriggja anna kerfi eru yfirstaðnar. Nær allir eru ánægðir með stundatöfluna sína og ánægja með vinnuaðstöðu er almennt mikil. Farið verður í starfsmannaferð til Kanada á næsta skólaári og er mikil eftirvænting meðal kennara og annarra starfsmanna.

## Leið þér vel í vinnunni í vetur?



Mynd 5: Viðhorf starfsfólks til líðanar í vinnu vor 2019 og 2018


## Mér fannst starfsandinn í MS í vetur góður og notalegur



Mynd 6: Viðhorf starfsfólks MS til starfsandans í MS vor 2018 og 2019

Faglegu samstarfi í deildum var breytt á skólaárinu með fækkun fagstjóra og sameiningu deilda. 45% kennara eru ánægðir með breytingarnar, 32% hlutlausir og 23% óánægðir. Þrátt fyrir þetta hefur ánægja með faglegt samstarf í deildum aukist á milli skólaára.

## Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með faglegt samstarf í þinni deild á þessu skólaári?




Mynd 7: Viðhorf kennara til faglegs samstarfs í deildum

Í MS er lögð mikil áhersla á faglegt samstarf meðal kennara. Vorið 2017 voru tæplega 80% kennara ánægðir með faglegt samstarf í sínum deildum, það dvínaði árið 2018 en ánægjan jókst aftur vorið 2019.


Flæði upplýsinga virðist vera nokkuð gott í skólanum. 89% starfsmanna sem tóku þátt í könnuninni eru ánægðir með flæði upplýsinga, hlutfallið var 74% árið áður. Enn eru þó 11% svarenda óánægðir með upplýsingaflæðið.

## Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ertu með upplýsingastreymið innan MS á þessu skólaári?

### 2019



### 2018




Mynd 8: Viðhorf kennara í MS til upplýsingastreymis innan skólans vor 2019

93% kennara eru frekar eða mjög ánægðir með það hvernig þeim tekst að innleiða verkefnabundið nám í kennslunni sem er töluverð þróun frá fyrra ári þegar um 77% voru sömu skoðunar. Kennarar eru vissulega á ólíkum stað í þróunarferlinu en þróunin stefnir í rétta átt.

## Hversu vel eða illa hefur þér tekist að innleiða verkefnabundið nám í þinni kennslu?

2019



Mynd 9: Viðhorf kennara í MS til þess hvernig þeim tekst að innleiða verkefnabundið nám í kennslunni.

Þegar starfsmannakönnun er lögð fyrir að vori eru starfsmenn einnig beðnir um að meta störf stjórnenda. Stjórnendur ræða niðurstöður þeirrar könnunar sín á milli og finna leiðir til úrbóta þar sem þess er þörf.

## 7 Árangur nemenda

### 7.1 Námsárangur

Heildarmeðaltal einkunnna skólaárið 2018-2019 var 6,77 sem er aðeins yfir meðaltali skólaársins á undan þegar það var 6,5.

Tafla 8: Meðaleinkunn nemenda skólaárið 2018-2019

Meðaleinkunn nemenda	Haustönn 2018	Vetrarönn 2018	Vorönn 2019
Drengir	6,52	6,43	6,37
Stúlkur	7,06	6,91	7,21
Allir	6,81	6,7	6,82

Tafla 9: Dreifing einkunnna skólaárið 2018-2019

Meðaleinkunn nemenda:	Haustönn 2018	Vetrarönn 2018	Vorönn 2019	Alls
Einkunn 1-4	8%	7%	7%	7,33%
Einkunn 5-7	54%	58%	54%	55,33%
Einkunn 8-10	38%	35%	39%	37,33%

Skólaárið 2018-2019 lækkaði hlutfall þeirra sem féllu í áföngum úr 10% í 7,33%. 55,33% nemenda fengu einkunn 5,0 til 7,0 og var hlutfall þeirra heldur lægra en árið á undan þegar það var um 60%. 37,33% nemenda fengu einkunnina 8,0 - 10,0 sem er rúmum 7% hærra en árið 2018.

## 7.2 Miðannarmat/stöðumat

Um miðja haust-, vetrar- og vorönn skólaárið 2018-2019 mátu kennarar stöðu allra nemenda. Niðurstaða miðannarmatsins birtist nemendum og forráðamönnum í Innu og er matinu ætlað að hjálpa nemendum að glöggva sig á stöðu sinni þegar um miðja önn þannig að þeim gefist tækifæri til að bæta sig fyrir lok annarinnar. Skólinn sendir forráðamönnum upplýsingar um að miðannarmatið hafi farið fram, hvar það birtist í Innu og hvetur þá til að fara yfir það með börnum sínum. Nemendum sem fá ófullnægjandi námsárangur í tveimur greinum eða fleiri er bent á að leita til námsráðgjafa. Í áföngum þar sem hátt hlutfall nemenda sýni óviðunandi námsárangur um miðja önn eru kennarar beðnir um fara sérstaklega ofan í kjölinn á niðurstöðum og greina konrektor frá niðurstöðum sínum.

## 7.3 Umræður um töluleg gögn um námsárangur

Í lok hvefarrar annar eru teknar saman niðurstöður (meðaltal og dreifing) um námsárangur nemenda í skólanum í heild, og í hverjum námsáfanga. Þessar niðurstöður eru ræddar á fagstjórafundum í upphafi nýrrar annar og á fagfundum í kjölfarið. Yfirlit yfir einkunnadreifingu í áföngum er sent til allra kennara.

# 8 Námssamfélag starfsmanna

## 8.1 Starfendarannsóknir

Skólaárið 2018-2019 tóku 21 kennari og stjórnandi þátt í starfendarannsóknum við skólann. Verkefnisstjóri skipulagði starfið sem var að nokkru leyti með nýju formi frá sem áður hefur verið. Haldnir voru 5 fundir fyrir allan hópinn en minni starfshópar funduðu hvor um sig 4 sinnum yfir skólaárið. Yfirstandandi þróunarverkefni um leiðsagnarnám var mjög gagnlegt því margir kennarar tóku bæði þátt í því og starfendarannsóknunum og má segja að þessi tvö verkefni hafi tvinnast vel saman. Hópurinn fékk byr undir báða vængi á vordögum þegar Phil Whitehead, sérfræðingur í starfendarannsóknum heimsótti skólann. Phil hélt sérstaka vinnustofu fyrir starfendarannsóknarhópinn og vakti áhuga fleiri kennara á að taka þátt.

Markmið starfendarannsókna er að gefa fólki tækifæri til að vaxa í starfi og þróa starfs-hætti sína með því að rannsaka og ígrunda starf sitt. Hver starfsmaður skoðar afmarkaðan þátt í starfi sínu, safnar gögnum með ýmsum aðferðum, heldur dagbók og fundar með hópnum. Starfið byggir á hugmyndum Jean McNiff, prófessors við York St John University, sjá <http://www.jeanmcniff.com>. Verkefnisstjóri starfendarannsókna er Þóra Víkingsdóttir og faglegur ráðgjafi er dr. Hafþór Guðjónsson, dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands en hann hefur unnið markvisst að því að kynna starfendarannsóknir á Íslandi (Hafþór Guðjónsson, 2013). Starfendarannsóknir í MS hafa verið rannsakaðar af Hjördísi Þorgeirsdóttur og er niðurstöður að finna í doktorsritgerð hennar sem kom út árið 2016 og í grein sem birtist 2018 í tímaritinu Educational Action Research (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2018; 2016).

## 8.2 Þróunarverkefni um leiðsagnarnám

Þróunarverkefni um leiðsagnarnám hóf göngu sína í september 2017 undir stjórn konrektors. Ytri ráðgjafi í verkefninu var Sólveig Zophoníasdóttir frá Þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri sem leiddi faglega starfið í hópnum. Verkefnið var styrkt af Sprotasjóði.

Árið 2018-2019 var seinna ár þróunarstarfsins. Myndaður var um 20 manna hópur kennara sem tók þátt í verkefninu og var það fjölgun frá fyrra ári. Verkefnastjóri skipulagði fundi í samráði við verkefnastjóra í starfendarannsóknum. Skipulagður var einn fræðslufundur/vinnustofa í mánuði og á vegum starfendarannsókna störfuðu tveir minni hópar sem hittust að jafnaði tvisvar í mánuði. Kennarar í hópnum settu sér starfsþróunarmarkmið um haustið og voru gerðar ótal tilraunir í kennslustofum til þess að bæta kennsluaðferðir í takt við hugmyndafræði um leiðsagnarnám. Þróunarhópurinn í MS byggir aðallega á fræðilegum hugmyndum Black og Wiliam (Wiliam, 2018, 2013; Black og Wiliam, 2001, 2009; Black et al 2003) og hugmyndum Shirley Clarke (2014) um leiðsagnarnám. Black og Wiliam skilgreina leiðsagnarmat á eftirfarandi hátt:

*„Mat er leiðsegjandi svo lengi sem matið gefur upplýsingar um árangur nemenda og matið/gögnin eru túlkuð og notuð til að taka ákvarðanir um næstu skref í kennslu sem líklegt er að skili árangri og að þessar ákvarðanir eru árangursríkari en það sem gert hefði verið ef matið hefði ekki farið fram“.* (Black og Wiliam, 2009) Þýðing Sólveig Zophoníasdóttir.

Þátttakendur bættu verklag fyrra árs og skýrðu betur námsmarkmið, viðmið og matskvarða í flestum eða öllum verkefnum í einstaka áföngum sem þeir kenndu. Hluti af þessari vinnu var kynnt fyrir starfsmönnum í MS og hefur leitt til stærra þróunarverkefnis sem fékk nafnið „Nám í MS“. Verkefnið „Nám í MS“ er verkefni til þriggja ára sem hefur það að markmiði að samþætta verkefni og próf við viðmið í áföngum eins og þau eru skráð í gagnagrunn menntamálaráðuneytisins.

Þróunarhópurinn fékk nokkur fræðsluerindi inn á vinnustofur sínar. Sólveig Zophoníasdóttir fjallaði m.a. um leiðsagnarnám og hönnun kennsluáætlana. Kennari frá Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ hélt fræðsluerindi um nemendaviðtöl og miðannarmat í anda leiðsagnarnáms. Hópur kennara sem vinnur að þróunarverkefni í unglingadeild Langholtsskóla kynnti verkefni sitt „Smiðjur“. Um er að ræða teymisvinnu með samþættingu í íslensku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Langholtsskóli er kominn mjög langt á leið með innleiðingu leiðsagnarnáms, sérstaklega hvað varðar námsmat og þverfaglega nálgun. Í kjölfarið fóru tveir kennarar úr MS í vettvangsheimsókn í Langholtsskóla og á haustönn 2019 er hafin tilraun með samþættingu náms í líffræði og íslensku í MS. (Sjá [http://www.sprotasjodur.is/static/files/mentaskolinn-vid-sund\\_40\\_lokaskyrsla.pdf](http://www.sprotasjodur.is/static/files/mentaskolinn-vid-sund_40_lokaskyrsla.pdf))

Fimm kennarar og einn stjórnandi fóru á vegum Erasmus+ á ráðstefnu í Edinborg um leiðsagnarnám, „Visible learning“, þar sem Shirley Clarke, John Hattie, Michael Fullan og Vivianne Robinson voru aðalfyrirlesarar.

Í apríl kom Phil Whitehead, alþjóðlegur ráðgjafi í starfendarannsóknum, m.a. hjá alþjóðaskólunum í París og Flórens og skóla í Venezuéla í MS. Heimsókn Withheads var tvíþætt. Hann hélt annarsvegar fyrirlestur fyrir alla starfsmenn og hins vegar fund með kennurum í starfendarannsóknum sem flestir eru einnig þátttakendur í þróunarverkefni

um leiðsagnarnám. Lokaráðstefna þátttakenda í þróunarverkefni um leiðsagnarnám og starfendransóknum var haldin um miðjan maí. Fjórir þátttakendur þróunarhópsins kynntu verkefni sín á þessum fundi og verða sum þeirra kynnt á ráðstefnunni „Menntun til framtíðar“ í september 2019.

### 8.3 Þróunarverkefni

Starfsfólk MS vinnur að ýmsum þróunarverkefnum til að bæta nám og kennslu í MS. Árlega veitir MS styrki til þróunarverkefna sem byggja á samkomulagi milli samstarfsnefndar félagsmanna KÍ og MS og er venjulega úthlutað tvisvar á ári. Á skólaárinu 2018-2019 voru ekki veittir þróunarstyrkir en samið hefur verið um að veita tvöfalda upphæð haustið 2019. Haustið 2018 hófst vinna við að markmiðagreina verkefni í áföngum og bera saman þekkingar-, leikni -, og hæfniviðmið í verkefnum og prófum við námskrá MS. Þessi vinna hófst í nóvembermánuði 2018 á vinnufundi allra starfsmanna á Hótel Örk („Nám í MS“). Allar deildir hafa útbúið áætlun til þriggja ára um hvenær eigi að yfirfara einstaka áfanga. Í kjölfar þessarar vinnu verður haustið 2019 lögð sérstök áhersla á að hvetja kennara og fagstjóra til að sækja um þróunarstyrki til að setja markmið skýrar fram í öllum stærri verkefnum og prófum í áföngum. Þetta er liður í því að gera námið í MS betra og árangursríkara fyrir nemendur.

Alls fengu níttján starfsmenn Erasmus+ styrki í sjö verkefnum á skólaárinu. Þetta voru 14 konur og 5 karlar. Verkefnisstjóri um erlent samstarf gerir umsókn um Erasmus+ styrki, sér um undirbúning og skipulag á námsferðum starfsmanna erlendis sem styrktar eru af Erasmus+, útbýr samninga um ferðirnar og skrifar lokaskýrslu um þær. Þátttakendur komu af ólíkum sviðum og kennslugreinum, þ.e. erlendum tungumálum, efnafræði, félagsfræði, íslensku, listgreinum, líffræði, lýðræðisvitund, sögu og stærðfræði. Einnig stóttu skrifstofustjóri og þjónustufulltrúi á skrifstofu námskeið í „Soft Skills for Teachers and Education Staff“ í Bologna á Ítalíu. Á starfsdögum við lok skólaársins var haldin ráðstefna í skólanum þar sem þátttakendur miðluðu reynslu sinni af þessum ferðum til annarra starfsmanna og rektor afhenti í kjölfarið viðurkenningarskjöl fyrir þátttöku í Erasmus+ verkefninu. Erlenda samstarfið gekk mjög vel og í mati og kynningum þátttakenda kom fram að allar ferðirnar voru lærdómsríkar og ánægjulegar. Starfsmenn töldu sig í kjölfar þeirra hæfari til að innleiða nýjungar í skólastarfinu og til að leiða breytingastarf. Þátttakendur hafa nýtt lærdóminn úr námsferðunum til að innleiða nýjungar í starfi með nemendum til þess að efla þá sem sjálfstæða og virka námsmenn með því markmiði að bæta námsárangur þeirra. Auk þess byggðu þátttakendur upp ný tengsl erlendis, juku þekkingu sína á menntakerfi og uppbyggingu skólastarfs í viðkomandi löndum, fengu aukna félagslega færni, sérstaklega þjálfun í samskiptum á erlendu tungumáli og starfsánægjan jókst. Ferðirnar juku á samheldni hópsins og bættu starfsandann í skólanum (Hjördís Þorgeirsdóttir, 2019). (Sjá: <https://www.msund.is/fraedsluefni/onnur-styrktarverkefni/-verkefni-styrkt-af-erasmus/erasmus-verkefni-2018-2019>)

Fyrir næsta skólaár hefur skólinn sett sér stefnu um markmið með evrópsku samstarfi og verður lögð áhersla á skapandi skólastarf og það að styrkja þekkingu starfsmanna á stefnu skólans í námi og kennslu, þ.e. að byggja upp námskraft nemenda og tengja þannig stefnu í erlendu samstarfi við stefnu um starfsþróun starfsmanna.

Á skólaárinu hófst undirbúningur fyrir Nord+ verkefni til tveggja ára. Lóa S. Kristjánsdóttir fór í ferð til Færeyja í janúar 2019 með styrk frá Nordplus til að undirbúa styrkumsókn til Nordplus um verkefni MS í samstarfi við framhaldsskóla í Færeyjum, Danmörku og Svíþjóð um hvernig hægt sé að beita norrænum tungumálum í greinum framhaldsskóla.

Á vormánuðum tók skólinn á móti 20 kennurum og stjórnendum frá Evrópu.

Ennfremur var skólinn í samstarfsverkefni með Vogaskóla á sviði stjórnunar, stærðfræði og tungumála og verður það samstarf rammað enn frekar inn með myndun lærdóms-samfélags skólanna við Sund á næsta skólaári.

Kennarar við skólann tóku að sér ýmis ábyrgðarstörf í þágu menntunar á skólaárinu. Solveig Þórðardóttir, þýskukennari, formaður félags þýskukennara, Petrína Rós Karlsdóttir, frönskukennari, formaður félags tungumálakennara, Melkorka Matthíasdóttir, jarðfræðikennari og fagstjóri raungreina, formaður félags raungreinakennara og Þórunn Steindórsdóttir, félagsfræðikennari, í stjórn Félags félagsfræðikennara.

#### **8.4 Endurmenntun**

Til að ýta undir faglegar umræður og starfsþróun starfsfólks eru haldnir fræðslufundir og örnámskeið um ýmis fagleg málefni. Á síðasta skólaári hélt skólinn þrjá almenna fræðslufundi. Á haustmisseri var fjallað um breytingar út frá dæmisögunni „Hver tók ostinn minn?“, í janúar hélt Sigurjón Þórðarson kennari í MS líflegt erindi um liðsheild. Í mars héldu Leifur Ingi Vilmundason og Hjördís Þorgeirsdóttir erindi um leiðir til þess að efla námsþrek og námskraft nemenda og Brynja Gunnlaugsdóttir kynnti nokkra leiki sem bæta bekkjarandann. Í ár komu allir fyrirlesarar úr röðum starfsmanna og voru þeir vel sóttir.

Auk þessa býður skólinn starfsfólki Daga af erlendum uppruna sem sér um ræstingu á skólahúsnæðinu upp á íslenskukennslu eina klukkustund á viku. Með því bætir skólinn samskiptin og möguleika fólks til þess að aðlagast íslensku samfélagi.



## 9 Lokaorð

Eftirfarandi er aðgerðaáætlun fyrir skólaárið 2019-2020 sem lögð var fram á skólafundi haustið 2019 og byggir m.a. á sjálfsmatinu sem framkvæmt var á síðasta skólaári:

Menntaskólinn við Sund	Megin markmið aðgerðaráætlunar
<p><b>Markmið og aðgerðir 2019-2020</b></p> <p><i>Virðing - Jafnrétti - Ábyrgð - Heiðarleiki</i></p> <p><small>Markmið og aðgerðir 2019-2020</small></p>	 <ul style="list-style-type: none"> <li>• Mótun skólabrags</li> <li>• Þróun kennslufræði í takt við námskrá MS</li> <li>• Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun</li> <li>• Nám í MS</li> <li>• Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur</li> <li>• Afmæli skólans</li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2019-2020</small></p>
<p><b>Mótun skólabrags</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Halda áfram að móta nýjar hefðir í MS</li> <li>• Vinna með samskipti meðal starfsmanna og nemenda</li> <li>• Styðja við nemendur og forráðamenn þeirra við uppbyggingu fjölbreyttara félagslífs</li> <li>• Vinna að bættri umgengni</li> <li>• Fylgja eftir aðgerðaráætlun um varnir gegn brotthvarfi</li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2019-2020</small></p>	<p><b>Þróun kennslufræði í takt við námskrá MS</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Með því að byggja upp seiglu nemenda og hvetja þá til þess að taka ábyrgð á eigin námi</li> <li>• Með áherslu á virkni og þátttöku nemenda í náminu</li> <li>• Með áherslu á að skapa öllum nemendum góð skilyrði til náms, með:             <ul style="list-style-type: none"> <li>• fjölbreyttum kennsluháttum og námsmati</li> <li>• því að huga að gagnrýnni hugsun, félagsfærni og tjáningu nemenda</li> <li>• því að taka tillit til reynsluheims þeirra og hugmynda</li> </ul> </li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2019-2020</small></p>
<p><b>Faglegt samstarf, starfsþróun og endurmenntun</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Efla faglegt samstarf innan námsgreina og milli þeirra</li> <li>• Hvetja starfsmenn til þess að taka þátt í:             <ul style="list-style-type: none"> <li>• Starfendaránnsóknum</li> <li>• Fræðslufundum</li> <li>• Erlendum samstarfsverkefnum (t.d. Erasmus+ og Nord+)</li> </ul> </li> <li>• Samskipti við aðra skóla             <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þróunarverkefni: Faglegt lærdómssamfélag í samvinnu við Vogaskóla</li> <li>• Skólaheimsókn til Kanada</li> <li>• Fjölbreytt verkefni innanlands</li> </ul> </li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2019-2020</small></p>	<p><b>Nám í MS</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samþætting námskrár og kennslu við viðmið áfanga             <ul style="list-style-type: none"> <li>• Styrkir Samstarfsnefndar MS og félagsmanna í KÍ</li> <li>• Öflugt og skipulagt fagstjórarstarf</li> </ul> </li> <li>• Þátttaka allra starfsmanna í „Nám í MS – dögnum“             <ul style="list-style-type: none"> <li>• Tveir vinnufundir sem verða haldnir utan MS</li> </ul> </li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2019-2020</small></p>
<p><b>Umhverfismál, stjórnsýsla og rekstur</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Græn skref í ríkisrekstri og grænt bókhald             <ul style="list-style-type: none"> <li>• Sött um vöðukenngu á þrjú grænskrefu</li> <li>• Ná í framfarisskiptum í stafræna skólans 2019 – 2021</li> </ul> </li> <li>• Önnur umhverfismál             <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vinnuáætlunir (Staðlaðar, meðal, hlyðni og hvernig á sér)</li> <li>• Krafthæggðar tilgangsráðgjafi og umhverfi</li> </ul> </li> <li>• Stjórnsýsla             <ul style="list-style-type: none"> <li>• Innviðing stjórnsýsluáhrifa</li> <li>• Innviðing stjórnsýsluáhrifa</li> <li>• Úttarasýsluáhrifa</li> <li>• Vinnuáætlunir og hvernig á sér</li> <li>• Því met á skilastarfi</li> </ul> </li> <li>• Rekstur             <ul style="list-style-type: none"> <li>• Fylgja eftir þriggja ára áætlun um rekstur skólans og nýja félagsmálaáhrifa og rekstur</li> </ul> </li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2019-2020</small></p>	<p><b>50 ára afmæli skólans</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Afmælishátíð 1. október undir stjórn afmælisnefndar</li> <li>• Viðburðir og sýningar á skólaárinu</li> </ul> <p><small>Markmið og aðgerðir 2019-2020</small></p>

Sjálfsmat er tæki til skólaþróunar og í Menntaskólanum við Sund leggjum við áherslu á fjölbreyttar sjálfsmatsaðferðir með virkri þátttöku starfsfólks og nemenda í matsferlinu. Sjálfsmatið er að mestu leyti í föstum skorðum en einnig eru nýjungar prófaðar til að þróa það áfram. Á árinu bar hæst áframhaldandi þróun á aðgerðum gegn brotthvarfi, starfendarannsóknir kennara, heimsókn Phil Whitehead og þróunarverkefni um leiðsagnarnám í MS. Skólinn þakkar kærlega veittan Erasmus+ styrk fyrir námsferðir starfsfólks erlendis og fyrir styrk úr Sprotasjóði fyrir þróunarverkefni um leiðsagnarnám. Sjálfsmatshópur, nemendur, forráðamenn og starfsmenn MS, sem tóku þátt í matinu á skólaárinu 2018 til 2019 fá bestu þakkir fyrir þátttöku í sjálfsmati í MS.

Reykjavík 23. september 2019

Fyrir hönd Menntaskólans við Sund

Helga Sigríður Þórsdóttir, konrektor

## Heimildir

Aðgerðaráætlun um sjálfsmat 2018-2019. Heimasíða Menntaskólans við Sund, <https://www.msund.is/skolinn/stefna-skolans/sjalfsmatsstefna/adgerdaaetlun-um-sjalfsmat>

Anna Sigurðardóttir (2017). Innleiðing aðgerða gegn brotthvarfi nemenda frá Menntaskólanum við Sund skólaárið 2016-2017. Sótt af á heimsíðu menntaskólans við Sund, <https://www.msund.is/fraedsluefni/skyrslur>

Black, P. og Wiliam, D. (2001). Inside the Black Box. Raising Standards Through Classroom Assessment. BERA.

Black og Wiliam. (2009). Developing a Theory of formative assessment í Educational Assessment. Evaluation and Accountability 21:5

Black, P., Harrison, C., Clee, C., Marshall, B., Wiliam, D. (2003). Assessment for Learning. Putting it into practice. Maidenhead: Open University Press

Clarke, S. (2014) Outstanding Formative Assessment. Culture and Practice. London: Hodder Education

Claxton, Guy. (2006). Expanding the capacity to learn a new end for education. Sótt af: <https://www.researchgate.net/publication/242098099>

Claxton, G. and Powell, G. (2019) Powering Up Students. The Learning Power Approach in High School Teaching. Wales: Crown House Publishing.

Claxton, G. (2018) The Learning Power Approach. Carmarthen: Crown House Publishing Limited

Hafþór Guðjónsson. (2013). Action research in Iceland: glimpses and reflections. Í McNiff, J. (ritstjóri) Value and Virtue in Practice-Based Research. Bls. 43-53. J. Dorset: September Books.

Helga Sigríður Þórsdóttir. (2018). Leiðsagnarmat í nýju þriggja anna kerfi. Skólaárið 2017-2018. Heimasíða Menntaskólans við Sund, [https://www.msund.is/media/2018/09/05/7x47kb910z\\_Lei\\_asagnarmat\\_n\\_ju\\_riggja\\_an\\_na\\_kerfi\\_Lokask\\_rsla\\_til\\_Sprotasj\\_s\\_2018.pdf](https://www.msund.is/media/2018/09/05/7x47kb910z_Lei_asagnarmat_n_ju_riggja_an_na_kerfi_Lokask_rsla_til_Sprotasj_s_2018.pdf)

Helga Sigríður Þórsdóttir. (2019). Leiðsagnarnám í nýju þriggja anna kerfi. Skólaárið 2018-2019. Heimasíða Menntaskólans við Sund, [http://www.sprotasjodur.is/static/files/-mentaskolinn-vid-sund\\_40\\_lokaskyrsla.pdf](http://www.sprotasjodur.is/static/files/-mentaskolinn-vid-sund_40_lokaskyrsla.pdf)

Hjördís Þorgeirsdóttir (2019). Ársskýrsla um erlent samstarfs í Menntaskólanum við Sund skólaárið 2018-2019. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Hjördís Þorgeirsdóttir (2019). Skýrsla verkefnisstjóra um sjálfsmat skólaárið 2018-2019 . Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.

Hjördís Þorgeirsdóttir. (2018) The Change Room promotes teachers' agency to change their practice. Educational Action Research. <http://dx.doi.org/10.1080/09650792.2018.1436080>

Hjördís Þorgeirsdóttir (2016). Investigating the use of Action Research and Activity Theory to Promote the Professional Development of Teachers in Iceland. Doctorial thesis from University of Iceland and University of Exeter. <http://hdl.handle.net/1946/23886>

Markmið og aðgerðir 2018-2019. Heimasíða Menntaskólans við Sund, <https://www.msund.is/skolinn/markmid-og-adgerdir/markmid-og-adgerdir-2018-2019>

Már Vilhjálmsson (2018): Ársskýrsla Menntaskólans við Sund. Heimasíða Menntaskólans við Sund, [https://www.msund.is/media/2018/04/06/5vwc5pynfn\\_Sk\\_rsla\\_Menntask\\_lans\\_vi\\_Sund\\_til\\_mennta\\_og\\_meningarm\\_lar\\_uneytis\\_2017.pdf](https://www.msund.is/media/2018/04/06/5vwc5pynfn_Sk_rsla_Menntask_lans_vi_Sund_til_mennta_og_meningarm_lar_uneytis_2017.pdf)

Skólasamningur 2013-2016. (2013). Samningur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Menntaskólann við Sund. <http://gamla.msund.is/page.asp?id=2565&x=>

William, D. (2018). Embedded formative assessment. Bloomington: Solution Tree Press.

William, D. (2013). Assessment: The Bridge between Teaching and Learning. Í Voices from the Middle. 21:2

Þóra Víkingisdóttir. (2019). Starfsemi starfendarannsóknarhóps 2018-2019. Menntaskólinn við Sund. Óútgefin gögn.